

IV. KAFLI

Viðurlög.

13. gr.

Endurkrafa greiddra bóta.

Ef maður hefur sjálfstæða starfsemi í starfsgrein sem hann áður stundaði eða hliðstæðri starfsgrein innan 12 mánaða frá því að hann sótti um atvinnuleysisbætur skal litið svo á að um tímabundið hlé hafi verið að ræða, sbr. 5. gr., sem ekki veitti rétt til atvinnuleysisbóta, sbr. þó 12. gr. Ef stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs hefur ekki veitt samþykki sitt fyrir að rekstur sé hafinn á nýjan leik sbr. 12. gr. skal eftir úrskurði úthlutunarnefndar endurkrefja hlutaðeigandi um allt að tvöfaldri fjárhæð greiddra atvinnuleysisbóta á því tímabili í samræmi við ákvæði 27. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar. Jafnframt skal svipta hlutaðeigandi bótarétti samkvæmt 15. gr. laganna. Sama gildir ef í ljós kemur að hlutaðeigandi hefur haldið áfram sjálfstæðri starfsemi án tilskilinnar skattalegrar skráningar.

V. KAFLI

Gildistaka.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 30. sbr. 1. gr. laga nr. 12/1997 um atvinnuleysisstryggingar, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 304/1994, um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. desember 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

*Elín Blöndal.***REGLUGERÐ****um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.**

1. gr.

Reglugerð nr. 740 um bótarétt sjálfstætt starfandi einstaklinga úr Atvinnuleysisstryggingasjóði gildir um bótarétt bænda, vörubifreiðastjóra og smábátaeigenda sem falla undir gildissvið laga nr. 46/1996 um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. laga nr. 46/1997 um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga og öðlast þegar gildi. Skal hún eiga við um bótarétt samkvæmt lögum nr. 46/1997 þar til sérstök reglugerð um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga hefur tekið gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. desember 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Elín Blöndal.